



AÐALSKIPULAG RANGÁRÞINGS YTRA 2016-2028

Breyting aðalskipulags - Skipulagslýsing

Gunnarsholt land

26.06.2024





SKIPULAGSLÝSING

SKJALALYKILL

109585-LYS-001-V01

HÖFUNDUR

MS

RÝNT

ÁJ / SOS

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Skipulagslýsing	4
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	4
2.1	Staðhættir	4
3	TENGL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	5
3.1	Landsskipulagsstefna 2024-2038 – Tillaga að þingályktun	5
3.2	Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028	6
3.3	Vatnaáætlun 2022-2027	7
3.4	Samræmi breytingar við landsskipulagsstefnu og aðalskipulags	7
3.5	Deiliskipulag	7
3.6	Fornminjar	7
4	BREYTING Á AÐALSKIPULAGI	7
5	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	7
5.1	Valkostir	8
5.2	Umhverfispættir og áherslur	8
6	SKIPULAG, KYNNING OG SAMRÁÐ	10
6.1	Umsagnaraðilar	10
6.2	Skipulagsferli	10

1 INNGANGUR

Sett er fram skipulagslýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga 123/2010.

Svæðið sem breytingin nær til er Gunnarsholt land (L164499). Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi Rangárþing ytra. Gert er ráð fyrir að um 60 hekturum verði breytt í athafnasvæði. Fyrirhugað er að framleiða skógarplöntur á spildunni í gróðurhúsum og innan skjólveggja. Heimilað verður að byggja skemmur og einnig verður starfsmannaaðstaða til viðveru og gistingar innan svæðis. Gert er ráð fyrir að plantað verði trjám umhverfis starfsemina, í um 20-30 hektara svæði, þ.e. sem skjólbelti innan lóðarmarka.

1.1 Skipulagslýsing

Skipulagslýsingin er sett fram í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og unnin í samræmi við grein 4.2. í Skipulagsreglugerð nr. 90/2013, með síðari breytingum.

Með skipulagslýsingu þessari er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að málefnum komandi skipulagsvinnu.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Skortur er á skógarplöntum hérlendis og mun framleiðslan leiða til aukins framboðs og styðja þannig að aukinni skógrækt og við framtíðarmarkmið Íslands að kolefnishlutleysi. Með tilkomu þessa verkefnis mun fjöldi starfa verða til, innan héraðs og um land allt vegna aukinnar skógræktar og umhirðu skóga, að auki beinna og óbeinna starfa við framleiðslu skógarplantna í Gunnarsholti. Fyrirhuguð uppbygging leiðir til betri nýtingar á innviðum sem til staðar eru í Gunnarsholti, t.a.m. hitaveitu og núverandi aðstöðu fyrir starfsfólk.

2.1 Staðhættir

Aðkoma að svæðinu er af Rangárvallavegi (264). Svæðið er nú þegar uppgrætt að hluta og að mestu flatt en hækkar svo til norðurs.

Samkvæmt vistgerðarkortlagningu NÍ er að finna tún og akurlendi, grasmelavist, mosamóavist, hraungambravist og lúpínu.

Engar þekktar minjar eru innan skipulagssvæðis.



MYND 1. Gunnarsholt - Skipulagssvæðið er innan rauða flákans ©2024 Microsoft Corporation © 2024 Maxar © CNES (2024) Distribution Airbus DS.

3 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

3.1 Landsskipulagsstefna 2024-2038 – Tillaga að þingályktun

Í landsskipulagsstefnu er sett fram samræmd stefna ríkisins um skipulagsmál. Hún tekur til vernd og ráðstöfun lands á hálendi Íslands, í þéttbýli og dreifbýli og sjálfbærri nýtingu haf- og strandsvæða. Landsskipulagsstefna byggir á þeirri framtíðarsýn í skipulagsmálum um „að skipulag stuðli að sjálfbærri þróun og lífsgæðum, styðji samkeppnishæfni og sveigjanleika og stuðli að viðnámsþrótti gagnvart samfélags og umhverfisbreytingum.“

Í stefnunni eru sett fram þrjú markmið er snúa að vernd umhverfis og náttúru, velsæld samfélagsins og samkeppnishæfu atvinnulífi.

Kolefnishlutleysi er leiðarljós markmiðsins um *vernd umhverfis og náttúru*. Stuðla skal að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu víðerna landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni. Kolefnishlutleysi á að vera að leiðarljósi í skipulagi sem stuðla þarf að með markvissum samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda frá landnotkun.

Aðlögun að loftslagsbreytingum er leiðarljós markmiðsins um *velsæld samfélagsins* og skal skipulag stuðla að almennri velsæld í samfélagi og gæðum í hinum byggða umhverfi. Skipulag þarf að stuðla að jafnvægi í nýtingu lands í þéttbýli og dreifbýli þar sem vöxtur samfélaga gengur ekki um of á náttúrulegu umhverfi. Loftslagsaðlögun á að vera leiðarljós í skipulagi sem verður að stuðla að seiglu samfélaga gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga.

Markmið um *samkeppnishæft atvinnulíf* stuðlar að því að skipulag auki samkeppnishæfni samfélags og efla atvinnulíf með hagkvæmri uppbyggingu innviða og sjálfbærri nýtingu auðlinda þar sem vexti er beint á tiltekin svæði í skipulagi. Kolefnishlutleysi á að vera leiðarljós í skipulagi sem miðar að því að auka til muna bindingu gróðurhúsalofttegunda.

Skipulag feli í sér stefnu um bindingu kolefnis með kolefnishlutleysi að leiðarljósi.

- Við skipulagsgerð verði viðhald og útbreiðslu náttúruskóga og vernd líffræðilegrar fjölbreytni tryggð.
- Vistgerðaflokkun, ásamt stefnum og áætlunum um landgræðslu og vatnaáætlun, verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum.
- Í skipulagi dreifbýlis verði mörkuð stefna um landnotkun sem dragi úr losun gróðurhúsalofttegunda og auki bindingu kolefnis, svo sem skógrækt, endurheimt votlendis og jarðvegs. (D liður)
- Í skipulagi verði hugað að tækifærum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og binda kolefni og mögulegt umfang bindingar. Þar verði forgangsraðað svæðum þar sem unnt er að binda kolefni á hagkvæman hátt, umhverfisáhrif eru ásættanleg og ekki dregur úr líffræðilegri fjölbreytni þeirra. Jafnframt verði hugað að nýjum leiðum til að binda kolefni, svo sem í berggrunni. (D)
- Við val á svæðum til bindingar kolefnis verði m.a. tekið mið af landnotkun, náttúrugæðum, líffræðilegri fjölbreytni, menningarminjum og náttúruvá. (D)

3.2 Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028

Aðalskipulagið var staðfest í október 2019.

Í kafla 2.3.7 í aðalskipulaginu er eftirfarandi stefna fyrir **iðnaðarsvæði**:

- Skapa ákjósanleg skilyrði fyrir nýja atvinnustarfsemi, s.s. framleiðslu- og matvælaíðnað samhliða því að styrkja þá starfsemi sem fyrir er.
- Unnið verði að umbótum í sorphirðumálum, m.a. með meiri flokkun sorps, endurvinnslu og endurnýtingu. Samvinna verði áfram við nágrannasveitarfélög í sorpmálum.
- Umfang og staðsetning starfsemi sem getur haft mengun í för með sér verður vandlega ígrunduð m.t.t. áhrifa á byggð og náttúru.
- Unnið verður að uppbyggingu iðnaðarsvæða til að renna styrkari stoðum undir byggð á svæðinu.
- Rannsóknir á jarðhita og annarri orkunýtingu verði eflar.
- Heimiluð er bygging vindrafstöðva allt að 100 m hárra, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Í kafla 2.3.2 er eftirfarandi stefna fyrir **skógræktar- og landgræðslusvæði**:

- Leitast verði við að efla skógrækt, uppgræðslu- og landbótastarf.
- Unnið verði að stöðvun gróður- og jarðvegseyðingar og endurheimt landgæða, þar sem þess þarf.
- Hugað skal að því að trjá- og skógrækt spilli ekki útsýnisstöðum, byrgi ekki ásýnd fjalla og fossa eða valdi snjósöfnun á vegum.
- Skipulag skógræktar taki mið af að vernda ásýnd og landslag.
- Unnið verði að stöðvun landbrots af völdum fallvatna ef þurfa þykir.

3.3 Vatnaáætlun 2022-2027

Fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest árið 2022 á grunni laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011 en markmið þeirra er að vernda allt vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnvistkerfa til að vatn njóti heildstæðar verndar. Að auki er lögnum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtíma verndar vatnsauðlindarinnar.

Skipulagssvæðið er innan grunnvatnshlotsins Tungnaárhraun nr. 103-308-G. Umhverfismarkmið grunnvatnshlotsins er að tryggja góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand. Núverandi magnstaða og efnafræðilegt ástand grunnvatnshlotsins er gott.

3.4 Samræmi breytingar við landsskipulagsstefnu og aðalskipulags

Breytingin er í samræmi við landsskipulagsstefnu þar sem skipulag í dreifbýli felur í sér stefnu og val á svæðum til bindingar kolefnis og viðhald og útbreiðslu náttúruskóga. Eins er breytingin í samræmi við stefnur aðalskipulags þar sem leitast er eftir að efla skógrækt og skapa ákjósanleg skilyrði fyrir nýja atvinnustarfsemi – þá framleiðslu og samhliða því að styrkja þá starfsemi sem fyrir, sem í þessu tilviki er skógrækt í nálægð við skipulagssvæðið.

3.5 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið.

3.6 Fornminjar

Aðalskráningu fornleifa í Rangárþingi ytra er lokið. Engar þekktar minjar eru innan skipulagssvæðis.

Finnist áður ókunnar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar svo fljótt sem auðið er skv. 24. gr. laganna. Minnt er á að friðhelgað svæði umhverfis fornminja er 15 m skv. 22. gr. laga um menningarminja nr. 80/2012.

4 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Gerðar verða breytingar bæði á skipulagsuppdrætti og gildandi greinargerð Aðalskipulags Rangárþings ytra 2016-2028. Skilgreint verður nýtt athafnasvæði á sveitarfélagsuppdrátt. Heimiluð verður uppbygging í tenglum við starfsemina, þ.m.t. starfsmannaaðstaða. Betur verður greint frá breytingum og breyttum skilmálum skipulagssvæðis í greinargerð aðalskipulagsbreytingar.

5 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Aðalskipulagsbreytingin fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Með breytingunni er mörkuð stefna um framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umhverfisáhrif.

5.1 Valkostir

Í aðalskipulagi verður stefna í gildandi aðalskipulagi (núll kostur) borin saman við hugmyndir um breytt aðalskipulag.

5.2 Umhverfispættir og áherslur

Í umhverfismatsskýrslu með aðalskipulagsbreytingunni verða skoðuð áhrif á þá umhverfispætti sem tilgreindir eru í töflu 1 og þeir metnir í samræmi við stefnuskjöl og viðmið. Yfirlit yfir meginspurningar í umhverfisskýrslu er að finna í töflunni. Viðmið fyrir hvern umhverfispátt eru sett með tilliti til laga og reglugerða, stefnuskjala sveitarfélagsins auk viðmiða í opinberum stefnuskjöllum.

TAFLA 1. Umhverfispættir, viðmið og matsspurningar.

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
Land og landnotkun Landslag Landnotkun Ásýnd	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038</i> <ul style="list-style-type: none"> Skipulag miði að því að varðveita fjölbreytt og verðmætt landslag, svo sem óbyggð víðerni og landslagsheildir. Skipulag stuðli að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið og stuðli að auknu fæðuöryggi þjóðarinnar. <i>Aðgerðaráætlun í landgræðslu og skógrækt 2022-2031.</i> <ul style="list-style-type: none"> Val á landi til skógræktar taki tillit til landslags og verðmætis landbúnaðarlands. <i>5. gr. jarðalaga nr. 81/2004.</i> <ul style="list-style-type: none"> Vernd landbúnaðarlands með það markmið að tryggja fæðuöryggi til framtíðar. <i>Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028.</i> <ul style="list-style-type: none"> Hugað skal að því að trjá- og skógrækt spilli ekki útsýnisstöðum, byrgi ekki ásýnd fjalla og fossa eða valdi snjósöfnun á vegum. 	Hefur stefnan áhrif á landnotkun og landbúnaðarland? Hefur stefnan áhrif á landslag og náttúrulegt yfirbragð svæðisins?
Náttúrufar Vistkerfi Gróður Jarðvegur Búsvæði dýra	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> <ul style="list-style-type: none"> Skipulag miði að því að vernda kolefnisríkan jarðveg, að draga úr hnignun vistkerfa og stuðla að endurheimt þeirra, með það að markmiði að draga úr losun, auka bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri og vernda líffræðilega fjölbreytni. <i>Aðgerðaáætlun í landgræðslu og skógrækt 2022-2031.</i> <ul style="list-style-type: none"> Að landnýting taki mið af ástandi og getu vistkerfa. Skógrækt stuðli að auknum umhverfisgæðum á borð við jarðvegsvernd. <i>Vistgerðarkortlagning NÍ.</i> <i>VOT-S-3 mikilvægt fuglasvæði.</i> <i>Lög um skógrækt nr. 33/2019.</i> <i>Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028.</i> <ul style="list-style-type: none"> Unnið verði að stöðvun gróður- og jarðvegseyðingar og endurheimt landgæða, þar sem þess þarf. 	Hefur stefnan áhrif á gróður og vistkerfi? Hefur stefnan áhrif á búsvæði dýra?
Loftslagsmál Kolefnisbinding. Kolefnishlutleysi.	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> <ul style="list-style-type: none"> Skipulag feli í sér stefnu um bindingu kolefnis með kolefnishlutleysi að leiðarljósi. <i>Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.</i> <ul style="list-style-type: none"> Efla skógrækt, vernda og auka kolefnisforða vistkerfa. <i>Aðgerðaáætlun í landgræðslu og skógrækt 2022-2031.</i> <ul style="list-style-type: none"> Að rækta skóga með mikla getu til kolefnisbindingar. 	Hefur stefnan áhrif á loftslagsmál?
Heilnæmt umhverfi Grunnvatn. Öryggi.	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> <ul style="list-style-type: none"> Við skipulagsgerð verði heilnæmt umhverfi í dreifbýli tryggt með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, 	Hefur stefnan áhrif á grunnvatn ?

	<p>vatnsveitu, fráveitu, úrgangsméðhöndlun, hljóðvist og loftgæði.</p> <ul style="list-style-type: none"> Í skipulagi verði hugað sérstaklega að hættu sem fylgir gróðureldum og hugað að flóttaleiðum og brunavörnum í frístundabyggð og á skógræktarsvæðum. <p><i>Vatnaáætlun Íslands 2020-2037.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. <p><i>Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Hætta vegna gróðurelda 	Hefur stefnan áhrif á hættu á gróðureldum?
<p>Samfélag Atvinnulíf. Hagræn áhrif. Útivist.</p>	<p><i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Skipulag stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar með áherslu á eftirsóknarvert umhverfi og sjálfbæra nýtingu lands. Skapa aðlaðandi og öruggt umhverfi og veita möguleika til hreyfingar, endurnæringar og samskipta í nærumhverfi. <p><i>Aðgerðaáætlun í landgræðslu og skógrækt 2022-2031.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Efla hlutverk skóga í að stuðla að útivist. Aukin landgæði í skógum styðja við bætt lífsgæði, lýðheilsu og þróun byggða. Að vinna að auknu verðmæti skógarafurða. Að landnýting styðji við atvinnu og byggð. <p><i>Lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Nýting skóga skal vera sjálfbær og skila þannig sem mestum ávinningi til samfélagsins, þ.e.a.s. hagrænum, umhverfislegum og félagslegum ávinning. <p><i>Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Auka samstarf við skógræktarfélögin/ungmennafélög um gróðursetningu plantna. 	Hefur stefnan áhrif á atvinnulíf og hagræna þætti? Hefur stefnan áhrif á útivistarmöguleika?
<p>Náttúru- og menningarminjar Fornminjar.</p>	<p><i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Skipulag stuðli að verndun og varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni, sérstæðrar náttúru- og menningarminja. <p><i>Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Leitast verði við að varðveita sögu-, náttúru- og menningarminjar og bæta upplýsingar um þær. <p><i>Aðalskráning fornminja.</i></p> <p><i>Lög um menningarminjar nr. 80/2012.</i></p> <p><i>Náttúruverndarlög nr. 60/2013.</i></p>	Hefur stefnan áhrif á fornminjar?

6 SKIPULAG, KYNNING OG SAMRÁÐ

Með kynningu skipulagslýsingar er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við mótun stefnunnar.

Skipulags- og matslýsingin verður kynnt í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar. Umsagnir og ábendingar skulu vera skriflegar og berast inn á skipulagsgátt fyrir auglýstan tímafrest.

6.1 Umsagnaraðilar

Óskað verður eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Land og skógur

Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila, þá m.a. innan stjórnsýslu sveitarfélagsins.

6.2 Skipulagsferli

Eftirfarandi er líklegt skipulagsferli.

